

Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Vestmannaeyjum 4. apríl 2019
UST201903-187/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Rofvarnir við Varmá innan náttúruvættisins Álafoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Mosfellsbæjar, dagsett 19. mars 2019, um leyfi vegna framkvæmda við Varmá í Mosfellsbæ í apríl 2019.

Varmá liggur að hluta innan náttúruvættisins Álafoss í Varmá í Mosfellsbæ og er það friðlýst sbr. auglýsing nr. 461/2013. Markmiðið með friðlýsingu Álafoss sem náttúruvættis er að vernda fossinn sjálfan, nánasta umhverfi hans sem og menningarminjar sem tengjast sögu og þróun Mosfellsbæjar. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndarstjórnunaráætlun.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða framhald framkvæmda sem fram fóru sumarið 2018. Framkvæmdinni er ætlað að bæta ásýnd svæðisins, draga úr álagi á bakka, koma í veg fyrir bakkarof og skemmdir á bakka, gróðri, göngustíg og útivistarsvæði við Álanesskóg. Þörf er á frekari styrkingum á bakkanum og fellst framkvæmdin í hleðslu á grjótvörn og styrkingu á bakka Varmár. Staðsetning framkvæmdasvæðis er merkt inn á teikningar sem fylgdu með umsókninni. Að framkvæmdinni koma tveir starfsmenn á litlum gröfum sem keyra þarf á framkvæmdastað frá göngustíg. Áætlað er að framkvæmdin muni taka 3 daga. Reglum Mosfellsbæjar um framkvæmdir á friðlýstum svæðum verður fylgt.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Um er að ræða framhald framkvæmda sem fram fóru sumarið 2018 og fer fram á áður röskuðu svæði. Framkvæmdinni er ætlað að koma í veg fyrir frekara rof vegna flóða í Varmá og til þess fallin að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

Skilyrði:

Í 10. gr. friðlýsingarskilmála svæðisins kemur fram að framkvæmdir skuli vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið liggur ekki fyrir og umrædd framkvæmd er ekki skipulagsskyld samkvæmt

lögum. Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við umhverfis- og auðlindarráðuneytið, veitir því fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum vegna bakkavarna á bökkum Varmár innan náttúruvættisins Álafoss í apríl 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu riski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu riski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa risk og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri



René Biasone
Sérfræðingur